

## Inngangur –hádegisverðarfundur 20.nóv sl.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, var gestur á fyrsta hádegisverðarfundum FFF föstudaginn 20. nóvember sl.

Halldór sagði að staða sveitarfélaga væri mikið breytt eftir hrun. Markmiðið væri þó að grunnþjónusta skerðist ekki.

Hvað grunnþjónusta er hefur hinsvegar verið ágreinings-efni og því var Guðjón Bragason, lögfræðingur, fenginn til þess að leiða vinnu starfshóps á vegum SÍS sem skilgreindi grunnþjónustu sveitarfélaga. Sitt sýnist hverjum eins og áður segir en úr varð viðmiðunarplagg.

Grunnþjónusta er fyrst og fremst það sem er lögbundið, s.s. grunnskóli og félagsþjónusta. Leikskólar eru í plagginu flokkaðir sem grunnþjónusta þó leikskólastigið sé ekki lögbundið. Tónlistarskóli og frístundastarf er ekki grunnþjónusta.

“Samkvæmt IX. kafla félagsþjónustulaganna skulu sveitarfélög sjá til þess að það sé skipulagt forvarnastarf í unglíngamálum. Félagsmálanefnd á að sjá um þá þætti unglíngþjónustunnar sem varða málefni einstaklinga, t.d. ráðgjöf, útideildarstarfsemi (leitarstarf) og rekstur unglíngaathvarfa eftir því sem þörf er á. Heimilt er að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og

íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þ. á m. rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi.

Grunnþjónusta sveitarfélaga við börn og unglínga, á grundvelli félagsþjónustulaganna, felst samkvæmt ofangreindu í því að reka barnaverndarstarf í samræmi við barnaverndarlög og sjá til þess að fyrir hendi séu dagleg vistunarárræði fyrir börn til að tryggja þeim þroskavænleg uppeldisskilyrði. Tómstunda- og forvarnastarf er einnig hluti grunnþjónustunnar en sveitarfélög hafa víðtækt svigrúm til að skipuleggja það starf eftir aðstæðum og þörfum á hverjum stað.”

## Úr grunnskólalögum, um tómstundastarf

Eftirfarandi er tekið úr aðalnámskrá grunnskóla um velferð nemenda.

“Í grunnskólalögum eru ákvæði um að í öllum grunnskólum skuli nemendum gefinn kostur á því að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Í tómstundastarfi barna á að marka leiðir til að auka færni þeirra til að takast á við dagleg viðfangsefni, úrræði til að efla sjálfstraust þeirra, félagslegan og siðferðilegan styrk, andlegan, sálrænan og líkamlegan þroska. Í

félagsstarfi skólanna skal m.a. stefnt að því að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf og einnig skal leggja áherslu á jákvæð samskipti og fjölbreytt félagsstarf í samræmi við áhuga nemenda, aldur og þroska. Mikla áherslu skal leggja á heilbrigða og holla lífshætti.”

Í nýjum grunnskólalögum 33. grein segir um *Tómstundastarf* Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan

venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólánemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómstundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæránlegar samkvæmt fyriræmum 47. greinar.

*Helga Margrét Guðmundsdóttir*  
Verkefnastjóri

*Heimili og skóla*



## Óformlegt nám



Ný námskrá framhaldsskóla er í stöðugri móttun þessa daganna, eins og sjá má á síðunni:  
[www.nymenntastefna.is](http://www.nymenntastefna.is)

Námskráin tekur mið af nýjum lögum um framhaldsskóla og virðist geta orðið nokkuð áhugaverð fyrir frítímastarf og þá sérstaklega í ljósi óformlegs náms. Samkvæmt nýju lögum þá á "Skipulag skólastarfs að miðist við kröfur og væntingar nemenda, sveigjanleiki námsskipulags stórauðinn, námsleiðum fjölgað og skilyrði sköpuð fyrir fleiri til að ljúka skilgreindu námi" Enn fremur segir "Framhaldsskólum veitt

frælsi til að þróa sérstakar námsbrautir sem byggja á sérstöðu þeirra og styrkleika og spurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum" Það virðist sem rauði þráðurinn í lögnum sé aukið val nemenda, að skólum sé gert kleift að efla sérstöðu sína og bjóða nemendum uppá það nám sem hentar.

Hvað varðar óformlegt nám þá er minnst sérstaklega á það á [www.nymenntastefna.is](http://www.nymenntastefna.is) "Frá því árið 2007 hefur ráðuneytið unnið að þróun hæfni- og viðmiðaramma um námslok á framhaldsskólastigi. Það er gert í kjölfar breytinga á háskólanámi á Íslandi en allt nám á háskólastig var flokkað á þrjú hæfniprep

árið 2007. Þessi viðmiðarammi flokkar námstilboð á framhaldsskólastigi á fjögur hæfniprep og er ætlað að auðvelda neytendum að greina lokamarkmið náms og hvaða réttindi þau fela í sér. Enn fremur er rammanum ætlað að auðvelda mat á námi utan skólakerfisins, **óformlegu og óformuðu námi**. Viðmiðaramminn krefst þess að framhaldsskólar skilgreini nám og námsbrautir á hæfniprep 1, 2, 3 eða 4." Það verður spennandi að fylgjast með námskrárgerðinni og sérstaklega þegar mat á óformlegu námi hefur verið betur skilgreint.

Einar Indra Rafn Þórhallsson  
Félagsmála- og tómsundafraeðingur

## Næsti hádegisverðarfundur 22. janúar

Nýr háttur verður hafður á á næsta hádegisverðarfundu, þegar Hús frítímans á Sauðarkróki kynnir starfsemi sína. Því þá munu

starfsmenn hússins sýna húsið og segja frá starfinu í gegnum „Skype-ið“. Hefst fundurinn að venju kl. 12 þann 22. janúar á Maður lifandi, Borgartúni 24.

Félagsfólk er hvatt til að mæta.

Einnig er hægt að fá sér hollan góðan hádegismat á vægu verði.